

Nr. 773

1372

5. desember 1983

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130
29. janúar 1980 með síðari breytingum.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrá hitaveitunnar er taki gildi við birtingu auglýsingar þessarar: Allir taxtar gjaldskrárinnar hækki um 50%.

Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 774

23. nóvember 1983

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Biðskylda verður á eftirtöldum stöðum sem hér segir:

1. Umferð um **Vatnagarða** víki fyrir umferð um Sundagarða og Sægarða.
2. Umferð um **Köllunarklettsveg** víki fyrir umferð um Sundagarða.
3. Umferð um **Sundaborg** víki fyrir umferð um Vatnagarða.
4. Umferð um **afleggjara að Kleppsspítala** víki fyrir umferð um Sægarða.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. desember 1983.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. nóvember 1983.

Sigurjón Sigurðsson.